


Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Svæði fyrir þjónustustofnanir
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- I Iðnaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- F Frístundabyggð
- O Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði: Brunnsvæði, Grannsvæði, Fjarsvæði
- Fornminjar
- Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI
- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígur
- Reiðleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi hafnarinnar. Í skipulaginu er m.a. gert ráð fyrir landfyllingum og færslu á núverandi viðlegukanti. Unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis og aðliggjandi svæða og er hún kynnt og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari. Stefna bæjarstjórnar um uppbygginguna, yfirbragð, starfsemi og byggingarmagn er sett fram í deiliskipulagi. Jarðefni sem nýtt verða vegna framkvæmda og landfyllinga verða tekin úr viðurkenndum námum með starfsleyfi.

## Helstu forsendur

Í Dalvíkurbyggð er framsækið og blómlegt atvinnulíf, útgerð, fiskvinnsla, iðnaður og landbúnaður, sem er grundvöllur búsetu í sveitarfélaginu. Stór hluti annarra atvinnugreina byggist á útgerð og þjónustu við hana. Í kafla 3.2.7 Um meginmarkmið atvinnulífs í greinargerð aðalskipulags kemur eftirfarandi fram:

- *Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist m.a. á mannauði, gæðum lands og sjávar, aðdráttarafli náttúrufegurðar og menningarlífs. Stuðlað verði að nýsköpun sem m.a. byggist á hugviti og hátækni í sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, landbúnaði, iðnaði, ferðaþjónustu og öðrum þjónustugreinum.*
- *Unnið verður að því að efla Dalvíkurhöfn sem uppskipunarhöfn og ferjuhöfn. Gert verði átak í umhverfismálum hafnarsvæða.*

Stefnt er að því að bæta stöðu fyrirtækja á hafnarsvæðinu með breytingunni.

## Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á megintexta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á landnotkunartöflum. Stærð svæða er tilgreind í hektörum (ha).

### *Kafli 4.7 Athafnasvæði*

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 102-A | 1,1 | Svæði austan Gunnars-brautar. | Á svæðinu er fiskvinnsla, lögreglustöð, slökkvistöð og miðstöð hjálparsveita. Tveim lóðum óráðstafað. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| 107-A | 5 | Við Sand-skeið. | Á reitnum er þungavinnuvéla-verkstæði, steypustöð og endur-vinnslustöð sveitarfélagsins. Auk þess skúrar og skemmur sem eru í misgóðu ástandi og í mismikilli notkun. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Stefnt er að því að núverandi iðnaðarstarfsemi verði flutt á iðnaðarsvæði 649-I á Hrísamóum. |

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 102-A | 1,0 | Svæði austan Gunnars-brautar. | Á svæðinu er fiskvinnsla, lögreglustöð, slökkvistöð og miðstöð hjálparsveita. Tveim lóðum óráðstafað. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| 107-A | 7,7 | Við Sand-skeið. | Á reitnum er þungavinnuvéla-verkstæði, steypustöð og endur-vinnslustöð sveitarfélagsins. Auk þess skúrar og skemmur sem eru í misgóðu ástandi og í mismikilli notkun. | Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Stefnt er að því að núverandi iðnaðarstarfsemi verði flutt á iðnaðarsvæði 649-I á Hrísamóum. |

### *Kafli 4.9 Hafnarsvæði*

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 103-H | 10,8 | Hafnar-svæðið á Dalvík. | Hafnsækin starfsemi. Ferjuhöfn. | Uppbygging m.a. v/ ferða-þjónustu samkvæmt deiliskipulagi. |

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 103-H | 13,3 | Hafnar-svæðið á Dalvík. | Hafnsækin starfsemi. | Uppbygging m.a. v/ ferða-þjónustu og atvinnustarfsemi samkvæmt deiliskipulagi. Landfyllingar allt að 3,1 ha. |

### *Kafli 4.14 Opin svæði til sérstakra nota*

**Ný lína:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 116-O | 0,15 | Kumlateigur í Brimnes-landi | 14 kuml/legstaðir | Vernda skal minjasvæðið. |

# Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík

## Breytingar á uppdrætti

- Gert er ráð fyrir fjórum landfyllingum, samtals um 5 ha að stærð, stærsta fyllingin verður um 1,8 ha að stærð og minnsta um 0,5 ha.
- Hafnarsvæði stækkar til austurs með nýjum landfyllingum. Skilgreining á útmörkum hafnarsvæðis er breytt svo smávægilegar breytingar innan reitsins kalla ekki á breytingu aðalskipulags.
- Nýtt opið svæði til sérstakra nota er skilgreint vegna kumlareits (116-O).
- Athafnasvæði 102-A minnkar til samræmis við stærð opna svæðisins.
- Athafnasvæði 107-A stækkar yfir nýja landfyllingu á Sandskeiði.
- Göngustígur er færður eftir nýjum sjóvarnargarði á Sandskeiði.
- Staðsetning minjasvæðis sunnan hafnarsvæðisins, kumls K-06, er leiðrétt eftir ábendingu Minjastofnunar.

## Umhverfisskýrsla

Meðfylgjandi er umhverfisskýrsla dagsett 11. maí 2016.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 15. júlí 2016

Dalvíkurbyggð sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 04. ágúst 2016

SKIPULAGSSTOFNUN

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020
ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR - DALVÍK

BREYTING
Hafnarsvæði á Dalvík

Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:10.000 í A2

15. júlí 2016

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí